


Umsögn skipulagsfulltrúa – Fossháls 1 (fsp)

Lögð fram fyrirspurn Hafþórs Úlfarssonar, dags. 26. júní 2024, um að reisa varanlegt skilti á borgarlandi við lóð nr. 1 við Fossháls.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, rauður hringur sýnir fyrirhugaða staðsetningu skiltis



Götumynd, fylgdi fyrirspurn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Fosshálsi 1 borgarhluta 7 Árbæ og er á skilgreindu athafnasvæði AT2 Hálsar.

Deiliskipulag: Í gildi deiliskipulag Hálsahverfis, samþykkt 26. september 2000, með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir skilti á borgarlandi við Fossháls 1. Eins og kemur fram hér að ofan er svæðið á skilgreindu athafnasvæði. Í samþykkt um skilti í Reykjavík eru heimildir fyrir þjónustuskiltum á athafnasvæðum sem eru að hámarki 6 m². Leitast var eftir umsögn samgöngustjóra vegna staðsetningar skiltisins. Í umsögn samgöngustjóra dags. 12. september 2024 segir:

„Þetta skilti er staðsett innan öryggissvæðis götunnar, en á Fosshálsi er það svæði 3 m. Ekki má staðsetja hættulega hindrun innan öryggissvæðis, en skv. kafla 2.3. í veghönnunarreglum er hættuleg hindrun skilgreind sem ójafna sem mælist hærrí en 0,2 m mæld með 3 m réttsskeið í akstursstefnu. Þar sem auglýsingaskiltið er ekki vottaður vegbúnaður telst það hættuleg hindrun sem ætti að fjarlægja.“

Ljóst er því að ekki er æskilegt að heimila skilti á þessum stað á lóðinni og að það skilti sem er þar fyrir, miðað við innsenda mynd, skal fjarlægja tafarlaust. ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við slíkt skilti á lóðinni en það þarf að finna aðra staðsetningu.

Niðurstaða

- ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við uppsetningu skiltis á lóðinni en skoða þarf betur staðsetningu þess. Núverandi staðsetning þess er þannig að skiltið telst vera hættuleg hindrun.

f.h. skipulagsfulltrúa,

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar, verkefnastjóri.